# Nýherji hf.

## Samandreginn árshlutareikningur samstæðunnar 30. september 2016

Nýherji hf.
Borgartúni 37
105 Reykavík

Kt. 530292-2079

# Efnisyfirlit

Skýrsla og áritun stjórnar og forstjóra ........ 3

Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu ........ 4

Efnahagsreikningur ........ 5

Eiginfjáryfirlit ........ 6

Sjóðstreymisyfirlit ........ 7

Skýringar ........ 8

# Skýrsla og áritun stjórnar og forstjóra

Árshlutareikningurinn er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34. Árshlutareikningurinn hefur að geyma samstæðureikning Nýherja hf. og dótturfélaga, en í samstæðunni eru tíu félög. Árshlutareikningurinn er hvorki endurskoðaður né kannaður af endurskoðendum félagsins.

Samkvæmt rekstrarreikningi og yfirliti um heildarafkomu nam heildarhagnaður af rekstri samstæðunnar 204 millj. kr. á tímabilinu 1. janúar til 30. september 2016. Tekjur samstæðunnar af seldum vörum og þjónustu námu 10.555 millj. kr. á tímabilinu. Eigið fé samstæðunnar í lok tímabilsins var 2.142 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi.

**Yfirlýsing stjórnar og forstjóra**

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og forstjóra er árshlutareikningur samstæðunnar í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu og er það álit stjórnar og forstjóra að árshlutareikningurinn gefi glögga mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu samstæðunnar 30. september 2016 og rekstrarafkomu hennar og breytingu á handbæru fé á tímabilinu 1. janúar til 30. september 2016.

Jafnframt er það álit stjórnar og forstjóra að árshlutareikningurinn og skýrsla stjórnar og forstjóra geymi glöggt yfirlit um þróun og árangur í rekstri samstæðunnar, stöðu hennar og lýsi helstu áhættuþáttum og óvissu sem samstæðan býr við.

Stjórn og forstjóri Nýherja hf. hafa í dag rætt samstæðuárshlutareikning félagsins fyrir tímabilið 1. janúar til 30. september 2016 og staðfest hann með undirritun sinni.

Reykjavík, 26. október 2016.

Stjórn félagsins:

Forstjóri:

# Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu 1. janúar til 30. september 2016

| | Skýr. | Þriðji ársfjórðungur 2016 1.7.-30.9. | 2015 1.7.-30.9. | Þrír ársfjórðungar 2016 1.1.-30.9. | 2015 1.1.-30.9. |
|---|---|---|---|---|---|
| Seldar vörur og þjónusta | 5 | 3.428.972 | 3.019.282 | 10.554.978 | 9.668.602 |
| Vörunotkun og kostnaðarverð seldrar þjónustu | | ( 2.569.051) | ( 2.191.699) | ( 7.878.860) | ( 7.203.145) |
| **Framlegð** | | 859.921 | 827.583 | 2.676.118 | 2.465.457 |
| Rekstrarkostnaður | | ( 746.112) | ( 678.035) | ( 2.363.642) | ( 2.024.242) |
| **Rekstrarhagnaður** | | 113.809 | 149.548 | 312.476 | 441.215 |
| Fjármunatekjur | | 17.166 | 2.221 | 47.639 | 7.828 |
| Fjármagnsgjöld | | ( 32.703) | ( 73.771) | ( 145.881) | ( 191.453) |
| Hrein fjármagnsgjöld | 6 | ( 15.537) | ( 71.550) | ( 98.242) | ( 183.625) |
| **Hagnaður fyrir tekjuskatt** | | 98.272 | 77.998 | 214.234 | 257.590 |
| Tekjuskattur | | ( 22.275) | ( 20.027) | ( 41.462) | ( 56.899) |
| **Hagnaður tímabilsins** | | 75.997 | 57.971 | 172.772 | 200.691 |
| **Rekstrarliðir færðir beint á eigið fé:** | | | | | |
| Þýðingarmunur vegna starfsemi erlendra dótturfélaga | | 16.718 | 24.343 | 30.795 | ( 7.624) |
| **Heildarhagnaður tímabilsins** | | 92.715 | 82.314 | 203.567 | 193.067 |
| **EBITDA** | | 246.762 | 240.430 | 686.036 | 692.520 |
| **Hagnaður á hlut:** | | | | | |
| Grunnhagnaður á hverja krónu hlutafjár | | 0,206 | 0,141 | 0,453 | 0,490 |
| Þynntur hagnaður á hverja krónu hlutafjár | | 0,206 | 0,141 | 0,453 | 0,490 |

# Efnahagsreikningur 30. september 2016

| | Skýr. | 30.9.2016 | 31.12.2015 |
|---|---|---|---|
| **Eignir:** | | | |
| Rekstrarfjármunir | | 687.850 | 564.314 |
| Óefnislegar eignir | 7 | 2.513.247 | 2.440.432 |
| Tekjuskattseign | | 122.666 | 159.524 |
| Verðbréfaeign og aðrar langtímakröfur | | 28.184 | 23.215 |
| Fastafjármunir | | 3.351.947 | 3.187.485 |
| Birgðir | | 848.336 | 883.986 |
| Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur | | 1.889.291 | 2.025.986 |
| Handbært fé | | 500.171 | 809.257 |
| Veltufjármunir | | 3.237.798 | 3.719.229 |
| **Eignir samtals** | | 6.589.745 | 6.906.714 |
| **Eigið fé:** | | | |
| Hlutafé | | 449.869 | 449.869 |
| Yfirverðsreikningur innborgaðs hlutafjár | | 629.000 | 629.000 |
| Annað bundið eigið fé | 8 | 532.632 | 401.476 |
| Óráðstafað eigið fé | | 530.068 | 450.134 |
| Eigið fé samtals | | 2.141.569 | 1.930.479 |
| **Skuldir:** | | | |
| Vaxtaberandi langtímaskuldir | | 2.126.170 | 2.521.461 |
| Vaxtaberandi skammtímaskuldir | | 111.969 | 292.160 |
| Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir | | 2.210.037 | 2.162.614 |
| Skammtímaskuldir | | 2.322.006 | 2.454.774 |
| Skuldir samtals | | 4.448.176 | 4.976.235 |
| **Eigið fé og skuldir samtals** | | 6.589.745 | 6.906.714 |

# Eiginfjáryfirlit 30. september 2016

| | Hlutafé | Yfirverðs-reikningur innborgaðs hlutafjár | Annað bundið eigið fé | Óráðstafað eigið fé | Eigið fé samtals |
|---|---|---|---|---|---|
| **1. janúar til 30. september 2016** | | | | | |
| Eigið fé 1.1.2016 .......................... | 449.869 | 629.000 | 401.476 | 450.134 | 1.930.479 |
| Heildarhagnaður tímabilsins .......... | | | 30.795 | 172.772 | 203.567 |
| Áfallinn kostnaður vegna kaupréttarsamninga .......... | | | | 7.523 | 7.523 |
| Fært á bundið eigið fé .................. | | | 100.361 | ( 100.361) | 0 |
| Eigið fé 30.9.2016 ........................ | 449.869 | 629.000 | 532.632 | 530.068 | 2.141.569 |
| **1. janúar til 30. september 2015** | | | | | |
| Eigið fé 1.1.2015 .......................... | 409.869 | 29.000 | 422.084 | 101.899 | 962.852 |
| Heildarhagnaður tímabilsins .......... | | | ( 7.624) | 200.691 | 193.067 |
| Upplausn á endurmati .................. | | | ( 1.416) | 1.416 | 0 |
| Eigið fé 30.9.2015 ........................ | 409.869 | 29.000 | 413.044 | 304.006 | 1.155.919 |

# Sjóðstreymisyfirlit 1. janúar til 30. september 2016

| | Skýr. | 2016<br>1.1.-30.9. | 2015<br>1.1.-30.9. |
|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar:** | | | |
| Hagnaður tímabilsins | | 172.772 | 200.691 |
| Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi: | | | |
| Afskriftir | | 373.560 | 251.305 |
| Hrein fjármagnsgjöld | 6 | 98.242 | 183.625 |
| Tekjuskattur | | 41.462 | 56.899 |
| | | 686.036 | 692.520 |
| Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum: | | | |
| Birgðir, lækkun (hækkun) | | 28.218 | ( 173.381) |
| Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur, lækkun | | 59.945 | 294.629 |
| Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir, hækkun (lækkun) | | 111.996 | ( 206.622) |
| Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum | | 200.159 | ( 85.374) |
| Innheimtar vaxtatekjur | | 24.662 | 7.828 |
| Greidd vaxtagjöld | | ( 145.881) | ( 145.062) |
| Handbært fé frá rekstri | | 764.976 | 469.912 |
| **Fjárfestingarhreyfingar:** | | | |
| Fjárfesting í rekstrarfjármunum | | ( 372.815) | ( 190.258) |
| Söluverð rekstrarfjármuna | | 2.160 | 4.580 |
| Eignfærðar óefnislegar eignir | 7 | ( 313.624) | ( 232.747) |
| Langtímakröfur, breyting | | ( 11.385) | 1.119 |
| Fjárfestingarhreyfingar | | ( 695.664) | ( 417.306) |
| **Fjármögnunarhreyfingar:** | | | |
| Tekin ný langtímalán | | 677.187 | 113.020 |
| Afborganir langtímalána | | ( 1.040.924) | ( 219.619) |
| Skammtímaskuldir, breyting | | 0 | 81.671 |
| Fjármögnunarhreyfingar | | ( 363.737) | ( 24.928) |
| **(Lækkun) hækkun á handbæru fé** | | ( 294.425) | 27.678 |
| **Áhrif gengisbreytinga á handbært fé** | | ( 14.661) | ( 3.809) |
| **Handbært fé í ársbyrjun** | | 809.257 | 78.910 |
| **Handbært fé í lok tímabilsins** | | 500.171 | 102.779 |

# Skýringar

## 1. Félagið

Nýherji hf. ("Félagið") er íslenskt hlutafélag. Höfuðstöðvar félagsins eru í Borgartúni 37, Reykjavík. Árshlutareikningur samstæðunnar hefur að geyma árshlutareikning félagsins og dótturfélaga þess sem vísað er til í heild sem "samstæðunnar" og til einstakra félaga sem "samstæðufélaga".

Hlutverk félagsins er að veita viðskiptavinum sínum heildarlausnir á sviði upplýsingatækni með þróun hugbúnaðar, sölu á tölvu- og skrifstofubúnaði, ráðgjöf og tengdri þjónustu.

## 2. Yfirlýsing um að alþjóðlegum reikningsskilastöðlum sé fylgt

Árshlutareikningur samstæðunnar er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34. Samandreginn árshlutareikningur Nýherja hf. inniheldur ekki allar þær upplýsingar sem krafist er í fullbúnum ársreikningi og ætti að lesa í samhengi við ársreikning samstæðunnar fyrir árið 2015.

Stjórn félagsins staðfesti árshlutareikninginn 26. október 2016.

## 3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

Við gerð árshlutareikningsins er beitt sömu reikningsskilaaðferðum og beitt var við gerð ársreiknings samstæðunnar fyrir árið 2015. Hægt er að nálgast ársreikninginn hjá félaginu eða á vef þess www.nyherji.is og á vef Kauphallar Íslands; www.nasdaqomxnordic.com.

Árshlutareikningurinn er gerður í íslenskum krónum, sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins, og eru fjárhæðir birtar í þúsundum. Hann byggir á upphaflegu kostnaðarverði, að því undanskildu að fasteignir eru færðar á endurmetnu kostnaðarverði.

## 4. Mat og ákvarðanir

Gerð árshlutareikninga í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að verða frábrugðnar þessu mati.

Mismunur á gangvirði og bókfærðu verði fjáreigna og fjárskulda er óverulegur.

## 5. Starfsþáttayfirlit

| | Vörur og tengd þjónusta | Hugbúnaður, tengd þjónusta og ráðgjöf | Jöfnunar-færslur | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| **Starfsþættir 1.1. - 30.9. 2016** | | | | |
| Seldar vörur og þjónusta | 7.061.555 | 3.987.495 | ( 494.072) | 10.554.978 |
| Afkoma starfsþáttar (EBITDA) | 207.894 | 478.142 | | 686.036 |
| Afskriftir | ( 224.153) | ( 149.407) | | ( 373.560) |
| Hrein fjármagnsgjöld | | | | ( 98.242) |
| Tekjuskattur | | | | ( 41.462) |
| Hagnaður tímabilsins | | | | 172.772 |
| Þýðingarmunur vegna starfsemi dótturfélaga | | | | 30.795 |
| Heildarhagnaður tímabilsins | | | | 203.567 |

## 5. Starfsþáttayfirlit, frh.:

| Starfsþættir 1.1. - 30.9. 2015 | Vörur og tengd þjónusta | Hugbúnaður, tengd þjónusta og ráðgjöf | Jöfnunarfærslur | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| Seldar vörur og þjónusta | 6.790.713 | 3.215.061 | ( 337.172) | 9.668.602 |
| Afkoma starfsþáttar (EBITDA) | 312.634 | 379.886 | | 692.520 |
| Afskriftir | ( 166.482) | ( 84.823) | | ( 251.305) |
| Hrein fjármagnsgjöld | | | | ( 183.625) |
| Tekjuskattur | | | | ( 56.899) |
| Hagnaður tímabilsins | | | | 200.691 |
| Þýðingarmunur vegna starfsemi dótturfélaga | | | | ( 7.624) |
| Heildarhagnaður tímabilsins | | | | 193.067 |

## 6. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur greinast þannig:

| | 2016 1.1-30.9. | 2015 1.1-30.9. |
|---|---|---|
| Vaxtatekjur | 24.662 | 7.828 |
| Gengishagnaður gjaldmiðla | 22.977 | 0 |
| Fjármunatekjur samtals | 47.639 | 7.828 |

Fjármagnsgjöld greinast þannig:

| | 2016 1.1-30.9. | 2015 1.1-30.9. |
|---|---|---|
| Vaxtagjöld | ( 145.881) | ( 172.004) |
| Gengistap gjaldmiðla | 0 | ( 19.449) |
| Fjármagnsgjöld samtals | ( 145.881) | ( 191.453) |
| | | |
| Hrein fjármagnsgjöld samtals | ( 98.242) | ( 183.625) |

## 7. Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir, afskriftir og virðisrýrnun greinist þannig:

| Kostnaðarverð | Viðskiptavild | Hugbúnaður | Óefnislegar eignir alls |
|---|---|---|---|
| Heildarverð 1.1.2015 | 2.080.776 | 507.664 | 2.588.440 |
| Viðbót á árinu | 0 | 349.686 | 349.686 |
| Áhrif gengisbreytinga erlendra gjaldmiðla | ( 11.240) | ( 3.105) | ( 14.345) |
| Heildarverð 31.12.2015 | 2.069.536 | 854.245 | 2.923.781 |
| Viðbót á árinu | 0 | 313.624 | 313.624 |
| Áhrif gengisbreytinga erlendra gjaldmiðla | ( 36.921) | ( 66.595) | ( 103.516) |
| Heildarverð 30.9.2016 | 2.032.615 | 1.101.274 | 3.133.889 |

## 7. Óefnislegar eignir, frh.:

Óefnislegar eignir, afskriftir og virðisrýrnun greinist þannig:

| | Viðskiptavild | Hugbúnaður | Óefnislegar eignir alls |
|---|---|---|---|
| **Afskriftir og virðisrýrnun** | | | |
| Afskrifað alls 1.1.2015 | 137.481 | 224.519 | 362.000 |
| Afskriftir | 0 | 121.631 | 121.631 |
| Áhrif gengisbreytinga erlendra gjaldmiðla | 0 | ( 282) | ( 282) |
| Afskrifað alls 31.12.2015 | 137.481 | 345.868 | 483.349 |
| Afskriftir | 0 | 142.204 | 142.204 |
| Áhrif gengisbreytinga erlendra gjaldmiðla | 0 | ( 4.911) | ( 4.911) |
| Afskrifað alls 30.9.2016 | 137.481 | 483.161 | 620.642 |
| | | | |
| **Bókfært verð** | | | |
| 1.1.2015 | 1.943.295 | 283.145 | 2.226.440 |
| 31.12.2015 | 1.932.055 | 508.377 | 2.440.432 |
| 30.9.2016 | 1.895.134 | 618.113 | 2.513.247 |
| | | | |
| Afskriftahlutföll | | 10 - 25% | |

Hluti af starfsemi Nýherja hf. er að þróa hugbúnað og selja. Í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla voru á tímabilinu eignfærðar 314 millj. kr. vegna þróunar samstæðunnar á Tempo hugbúnaði. Við mat á fjárhæðum er miðað við kostnað sem til fellur frá þeim degi sem verkefni uppfyllir öll skilyrði til eignfærslu. Annar þróunarkostnaður er gjaldfærður þegar til hans er stofnað.

Óefnislegar eignir sem þróaðar innan samstæðunnar eru færðar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum eins og um keypta eign væri að ræða. Bókfært verð óefnislegra eigna er yfirfarið á hverjum uppgjörsdegi til að meta hvort vísbendingar séu um virðisrýrnun þeirra. Sé einhver slík vísbending til staðar er endurheimtanleg fjárhæð eignarinnar metin. Virðisrýrnunarpróf eru gerð að minnsta kosti árlega á viðskiptavild.

## 8. Eigið fé

Annað bundið eigið fé greinist þannig:

| | Þýðingar-munur í dóttur-félögum | Bundinn hlutdeildar-reikningur | Endurmats-reikningur | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| Staða 1.1.2015 | 420.195 | 0 | 1.889 | 422.084 |
| Breyting á tímabilinu | ( 7.624) | 0 | ( 1.416) | ( 9.040) |
| Staða 30.9.2015 | 412.571 | 0 | 473 | 413.044 |
| | | | | |
| Staða 1.1.2016 | 401.476 | 0 | 0 | 401.476 |
| Breyting á tímabilinu | 30.795 | 100.361 | 0 | 131.156 |
| Staða 30.9.2016 | 432.271 | 100.361 | 0 | 532.632 |

Samkvæmt lögum nr. 73/2016 ber félögum að færa hlutdeild í afkomu dóttur- eða hlutdeildarfélaga, sem færð er í rekstrarreikning og er umfram móttekinn arð eða þann arð sem ákveðið hefur verið að úthluta, á bundinn hlutdeildarreikning meðal eigin fjár.  Áhrif ákvæðisins hafa ekki verið metin til fulls en ákveðin óvissa ríkir um gildistöku þess og framkvæmd.

## 9. Kennitölur

Helstu kennitölur samstæðunnar:

| | 2016<br>1.1-30.9. | 2015<br>1.1-30.9. |
|---|---|---|
| **Rekstur** | | |
| Veltuhraði vörubirgða í lok tímabils - vörunotkun/sölubirgðir í lok tímabils | 6,4 | 5,9 |
| Söludagar í viðskiptakröfum - viðskiptakröfur í lok tímabils/seldar vörur og þjónusta | 33 | 30 |
| Laun og launatengd gjöld/seldar vörur og þjónusta | 36,9% | 35,8% |
| Rekstrarkostnaður/seldar vörur og þjónusta | 22,4% | 20,9% |
| EBITDA/seldar vörur og þjónusta | 6,5% | 7,2% |
| Hagnaður eftir tekjuskatt/seldar vörur og þjónusta | 1,6% | 2,1% |

| | 30.9.2016 | 31.12.2015 |
|---|---|---|
| **Efnahagur** | | |
| Veltufjárhlutfall - veltufjármunir/skammtímaskuldir | 1,39 | 1,52 |
| Eiginfjárhlutfall - eigið fé/heildarfjármagn | 32,5% | 28,0% |

### Ársfjórðungayfirlit

Rekstur samstæðunnar greinist þannig á ársfjórðunga:

| | 1 F 2016 | 2 F 2016 | 3 F 2016 | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| Seldar vörur og þjónusta | 3.332.407 | 3.793.599 | 3.428.972 | 10.554.978 |
| Vörunotkun og kostnaðarverð seldrar þjónustu | ( 2.447.266) | ( 2.862.543) | ( 2.569.051) | ( 7.878.860) |
| **Framlegð** | 885.141 | 931.056 | 859.921 | 2.676.118 |
| Rekstrarkostnaður | ( 817.861) | ( 799.669) | ( 746.112) | ( 2.363.642) |
| **Rekstrarhagnaður** | 67.280 | 131.387 | 113.809 | 312.476 |
| Fjármunatekjur | 7.943 | 22.530 | 17.166 | 47.639 |
| Fjármagnsgjöld | ( 52.605) | ( 60.573) | ( 32.703) | ( 145.881) |
| Hrein fjármagnsgjöld | ( 44.662) | ( 38.043) | ( 15.537) | ( 98.242) |
| **Hagnaður fyrir tekjuskatt** | 22.618 | 93.344 | 98.272 | 214.234 |
| Tekjuskattur | ( 1.044) | ( 18.143) | ( 22.275) | ( 41.462) |
| **Hagnaður tímabilsins** | 21.574 | 75.201 | 75.997 | 172.772 |
| **Rekstrarliðir færðir á beint eigið fé:** | | | | |
| Þýðingarmunur vegna starfsemi dótturfélaga | 16.423 | ( 2.346) | 16.718 | 30.795 |
| **Heildarhagnaður tímabilsins** | 37.997 | 72.855 | 92.715 | 203.567 |
| EBITDA | 180.216 | 259.058 | 246.762 | 686.036 |

**Ársfjórðungayfirlit (frh.)**

| | 1 F 2015 | 2 F 2015 | 3 F 2015 | 4 F 2015 | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|
| Seldar vörur og þjónusta | 3.263.173 | 3.386.147 | 3.019.282 | 3.663.242 | 13.331.844 |
| Vörunotkun og kostnaðarverð seldrar þjónustu | ( 2.455.641) | ( 2.555.805) | ( 2.191.699) | ( 2.707.358) | ( 9.910.503) |
| **Framlegð** | 807.532 | 830.342 | 827.583 | 955.884 | 3.421.341 |
| Rekstrarkostnaður | ( 660.946) | ( 685.261) | ( 678.035) | ( 750.072) | ( 2.774.314) |
| **Rekstrarhagnaður** | 146.586 | 145.081 | 149.548 | 205.812 | 647.027 |
| Fjármunatekjur | 26.580 | ( 20.973) | 2.221 | 7.471 | 15.299 |
| Fjármagnsgjöld | ( 59.105) | ( 58.577) | ( 73.771) | ( 40.296) | ( 231.749) |
| Hrein fjármagnsgjöld | ( 32.525) | ( 79.550) | ( 71.550) | ( 32.825) | ( 216.450) |
| **Hagnaður fyrir tekjuskatt** | 114.061 | 65.531 | 77.998 | 172.987 | 430.577 |
| Tekjuskattur | ( 22.987) | ( 13.885) | ( 20.027) | ( 27.332) | ( 84.231) |
| **Hagnaður tímabilsins** | 91.074 | 51.646 | 57.971 | 145.655 | 346.346 |
| **Rekstrarliðir færðir beint á eigið fé:** | | | | | |
| Þýðingarmunur vegna starfsemi dótturfélaga | ( 49.688) | 17.721 | 24.343 | ( 11.095) | ( 18.719) |
| **Heildarhagnaður tímabilsins** | 41.386 | 69.367 | 82.314 | 134.560 | 327.627 |
| EBITDA | 225.217 | 226.873 | 240.430 | 314.997 | 1.007.517 |